

Reykjavík,

dags. 14.11.2022

**Viðtakandi:** Íbúaráð Árbæjar og Norðlingaholts

**Sendandi:** Edda María Baldvinsdóttir í forsvari Vina Björnslundar

**Efni:** Beiðni um uppsetningu á rafmagnskassa í Björnslundi / 110 Norðlingaholti.

**Lýsing:** Vinir Björnslundar leggja mikla áherslu á að komið verði upp rafmagnskassa í Björnslundi fyrir margar sakir. Helst ber að nefna lýsingu í Björnslund á göngustígum sem er mjög svo þörf í margþættum tilgangi, s.s. forvarnir, aukið öryggi, uppbyggingu, betra aðgengi og betri nýting á Björnslundi í heild sinni.

Hér á sér stað efling félagstarfs og samvinnu allra sem brenna fyrir málefnum Björnslundar og skapa þá menningu sem borgin gæti verið stolt af auk þess að fegra hverfið.

Viðburðarhald í Björnslundi yrði að sama skapi auðveldara og myndi sannarlega þetta samfélagið.

Nú líður að jólum og er áætlað að setja upp jólaseríur líkt og í fyrra. Upp komu vandamál með rafmagnið þar sem m.a. sló ítrekað út. Umferð jókst til muna á þeim tíma sem ljósin lifðu í Björnslundi af fólki á öllum aldri og eins nýttu leik- og grunnskólinn Björnslund meira í svartasta skammdeginu.

Okkur langar að endurtaka leikinn á sem öryggastan hátt til framtíðar.

**Afgreiðsla ráðs:** Vinir Björnslundar óska eftir að Íbúðaráð Árbæjar og Norðlingaholts taki til umræðu málefni Björnslundar og aðstoði „Vini Björnslundar“ við að vinna þessu málefni brautargengi til að þetta geti orðið að veruleika.